



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

34. fundur skólanefndar F.S. var haldinn 19. janúar 1979 á skrifstofu skólameistara.

Fundinn sóttu Gunnar Sveinsson, Ingólfur Halldórsson, Jón Hólmgeirsson, Eggert Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Bergmann Þorleifsson, Jón Böðvarsson, Ómar Bjarnþórsson og Hreinn Ásgrímsson.

1. Haustönn 1978.

Haustönn ársins 1978 lauk með skólaslitum í Félagsbíói kl. 14.00, laugardaginn 20. desember 1978.

Skólameistari flutti yfirlitsræðu um starfssemi skólans á önninni. Þar kom m.a. fram að nemendafjöldi var 449 sem þannig skiptust að 335 stunduðu nám á svonefndum bóklegum brautum en á verkbrautum 114. - 34 nemendur luku námi og brautskráðust: 5 iðnnemar, 13 flugmenn og 16 stúdentar. - Í stúdentahópnum var fyrsti öldungurinn sem því prófi lýkur, Svala Björgvinsdóttir. Skipting eftir brautum var þannig að 1 lauk prófi af eðlisfræðibraut, 1 af uppeldisbraut, 2 af nýmálabraut, 2 af náttúrufræðibraut og 10 af félagsfræðibraut.

Flugmennirnir 13 eru hinir fyrstu sem brautskrást úr hinu opinbera skólakerfi Íslendinga. Auk skólameistara töluðu við þessa athöfn Ottó Tynes, deildarstjóri flugliðanámsbrautar og Agnar Kofoed Hansen flugmálastjóri.

2. Vorönn 1979.

Nemendur á vorönn 1979 verða rösklega 400.

Fækkun nemenda frá haustönn er þó nokkur. Samþykkt var að láta félagsfræðinemendur skólans kanna ástæður fyrir þessari nemendafækkun með hliðsjón af árgöngum og aðsókn í aðra skóla á svæðinu.

Nýting á húsnæði skólans á vorönn 1979 er mjög góð og hópastærðir eru yfirleitt viðunandi þótt enn verði að starfrækja nokkra smáa hópa fyrir þá nemendur sem lengst eru komnir á 4. ára námsbrautum.

Borist hefur orðsending frá fjárlaga- og hagsýslustofnun

Þess efnis að launaliður til skólans hafi verið hækkaður um 8.000.000- kr. í meðförum alþingis vegna kennslu í öldungadeild F.S. á árinu 1979. Er þar með staðfest að öldungadeildin sé leyfð áfram.

Samþykkti skólanefndin þakkir til fjárveitinganefndar og ráðherra af þessu tilefni.

3. Bréf flugskólans Flugtaks.

Formaður las upp bréf frá flugskólanum Flugtak um athugasemdir þeirra við flugliðanámsbraut F.S. Síðan las skólameistari bréf frá ráðuneytistjóra þar sem óskað var umsagnar hans og svarbréf sitt til ráðuneytistjóra vegna bréfs Flugtaks.

Skólanefndin lýsti einróma stuðningi sínum við þau viðhorf sem fram koma í svarbréfi skólameistara.

4. Uppgjör byggingakostnaðar Iðnskólans.

Aðstoðarskólameistari og formaður skólanefndar skýrðu frá bréfi menntamálaráðuneytisins um byggingarkostnað Iðnskólans. Þar kom fram að ofgreiðsla ríkissjóðs skv. uppgjöri var kr. 22.913- og hefur endurgreiðsla verið millifærð.

Bygging Iðnskólahússins skoðast 1. áfangi skólahúss F.S.

5. Áframhald byggingar F.S.

Samþykkt var að ljúka við 2. áfanga byggingar skólahússins svo fljótt sem kostur er.

Byggingadeild menntamálaráðuneytis hefur beðið um yfirlit um stöðu nýbyggingar skólans vegna væntanlegrar viðbótar-greiðslu frá ríkissjóði í febrúarmánuði.

6. Tilkynningar og önnur mál.

Blaðamannafundur um NÁMSVÍSI fjölbrautaskóla var haldinn að Hótel Esju 11. janúar s.l.. Þar ræddu skólameistararnir þrír sem að Námsvísinum standa við blaðamenn og birtust frásagnir um ritið í Morgunblaðinu, Tímanum, Þjóðviljanum og Dagblaðinu og auk þess var ítarlegt viðtal við Kristján Bersa Ólafsson, skólameistara Flensborgarskóla í fréttauka ríkisútvarpsins fáum dögum síðar.

Nokkrar umræður urðu um orsakir þess að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti stendur ekki að NÁMSVÍSI fjölbrautaskóla.

Skólameistari skýrði frá fundi sem Háskóli Íslands boðaði til 12. janúar s.l. að Lögbergi. Þar voru af hálfu Háskólans Halldór Guðjónsson kennslustjóri og prófessorarnir Sigurður Líndal, Páll Skúlason og Ottó Björnsson, en auk þeirra skólameistarar eða aðrir fulltrúar allra skólastofnana sem brautskrá stúdenta og fulltrúar menntamálaráðuneytis. Fundurinn var viðræðufundur um hvernig efla mætti samstarf Háskólans og þeirra skóla sem senda þangað nemendur.

Fulltrúar Háskólans skýrðu frá því hvað þeim þætti helst áfátt varðandi undirbúning nemenda undir háskólanám og gera þyrfti til úrbóta en það er:

1. Auka íslenskukennslu - einkum í ritgerðasmíð.
2. Auka kennslu í erlendum málum - einkum þýsku.
3. Breyta stærðfræðikennslu.

Þeir lögðu til að komið yrði á fundum með kennurum framhaldsskólanna og Háskólans.

Ingvar Jóhannsson spurðist fyrir um hvort gengið hafi verið frá greiðslu vegna vinnu skólameistara við NÁMSVÍSI.

Formaður skólanefndar kvað málið í athugun í sambandi við hina skólana.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Einar Þórðarson, ritari.